

BLAÐ-ÍÐ

1. tbl 5. árg.

maí 1983

ÍÐJURJÁLFAFÉLAG
ISLANDS

VELA STÓLAR - ROPOX BORD



Eigum stóla og borð á lager.
Lætum sérsníða stóla og borð
eftir máli.



A

Leikföng fyrir hreyfihamlaða.

EFNISYFIRLIT

Iðjubjálfun - hjálpartæki/heimilisbreytingar.....	bls. 3
Hjálpartækjabankinn.....	" 4
Hjálpartæki.....	" 7
- Húsgögn	
- Stór hjálpartæki	
- Lítil hjálpartæki	
- Barnahjálpartæki	
- Sérsmíðuð hjálpartæki	
- Umboð	
- Greiðsla á hjálpartækjum	
Samnorrænt seminar.....	" 11
Félagsstarfsemi.....	" 12
Starfslýsingar iðjubjálfa.....	" 15
- Sérdeild hreyfihamlaðra í Hlíðaskóla	
- Öryrkjabandalag Íslands	
Lausar stöður.....	" 19
Stöðulýsingar.....	" 19
- Félagsmálastofnun	
- Öskjuhlífarskóli	
- Geðdeild Borgarspítalans	
- Múlabær	
Heimilisföng.....	" 27

RITNEFND

Í nefndinni eru Valrós Sigurbjörnsdóttir, Björk Pálsdóttir, Hope Knútsson og Guðrún Hafsteinsdóttir.

Ákveðið hefur verið að reyna að gefa Blað-ið út tvisvar á ári og taka ákveðið efni fyrir í hverju blaði, auk fastra liða. Í þetta sinn höfum við valið efnið: HJÁLPARTÆKI.

Stjórn Iðjubjálfafélags Íslands:

Hope Knútsson formaður

Margrét Sigurðardóttir gjaldkeri

Sigríður Jónsdóttir ritari

Ingibjörg Pétursdóttir stjórnarmeðl.

Snæfríður Þ Egilsson varamaður

IÐJUBJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

Pósthólf 72

101 Reykjavík

STOD tækjasmíðin
HÍ 91-52885
TRÖNUHRAUN 6 - BOX 409
IS 222 HAFNARFJÖRDUR



Rehband®

CAMP
SCANDINAVIA

Otto Bock
SCANDINAVIA AB

ÖNNUMST SMÍÐI OG ÚTVEGUN

HJÁLPARTÆKJA.

GETUM ÚTVEGAÐ MARGSKONAR EFNI
TIL SPELKU OG HJÁLPARTÆKJASMÍÐI

SVO SEM: VELCRO, PLAST TIL
FORMUNAR , BÓLSTRUNAREFNI OG
MARGT FLEIRA.

STOD H/F

LINDEMANN
ORTHOPEDIC



IDJUPJÁLFUN - HJÁLPARTAKI/HEIMILISBREYTINGAR

Hvaða samhengi er á milli iðjupjálfunar og hjálpartækja/heimilisbreytinga?

Iðjupjálfar taka mið af heildaraðstöðum einstaklingsins og meta, ef að þörf krefur, hvernig hann geti orðið sjálfbjarga á sem bestan hátt, eða geti fyrirbyggt hugsanlega fötlun.

Til þess að efla sjálfsbjargargetu/viðhalda getu/fyrirbyggja fötlun er oft þörf fyrir hjálpartæki/heimilisbreytingar. Hjálpartæki/heimilisbreytingar eru eitt af sérsviðum iðjupjálfunar, og í því felst:

- almenn þekking á hjálpartækjaframboði.
- þekking á kröfum, sem gera þarf til hinna mismunandi hjálpartækja/heimilisbreytinga.
- þekking á hinum mismunandi eiginleikum sjúkdóma, svo hægt sé að aðlaga hjálpertæki að þörfum hvers einstaklings.
- þekking á hinum mismunandi áhættuþáttum sem leitt gætu til fötlunar, og aðlögun hjálpartækja/heimilisbreytinga til varnar þessu.
- leiðbeiningar og þjálfun í notkun hjálpartækja og aðstoð við útvegum þeirra.
- að búa til sérhönnuð hjálpartæki, ef þau sem fyrir hendi eru henta ekki.
- að útbúa og aðlaga einkum handarspelkur t.d. til 'að auka starfsgetu handarinnar.
- ráðleggingar í sambandi við nauðsynlegar heimilisbreytingar, leita tilboða, taka þátt í gerð kostnaðaráætlunar og eftirlit með framkvæmdum.
- að veita almennar upplýsingar um möguleika á hjálpartækjum/heimilisbreytingum og mögulegar styrkveitingar til greiðslu á þeim.

Viða er þörf á þessari þjónustu. Vegna fámennis sinnum við þessu í dag aðallega innan sjúkrahússtofnana.

Nauðsynlegt er að iðjupjálfar hefji sem fyrst störf við heimaþjónustu þar sem er stór möguleiki á að sinna hinum fyrirbyggjandi þáttum.

Gleymum ekki að hjálpartæki/heimilisbreytingar eru eitt af okkar sérsviðum!

Valrós Sigurbjörnsdóttir
Björk Pálsdóttir.

Hjálpartækjabanki RKÍ og Sjálfsbjargar.

Aðdraganda að stofnun Hjálpartækjabankans má rekja aftur til ársins 1967. Það mun hafa verið Eggert Ásgeirsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri RKÍ, sem kom af stað athugun á því, hvort hin ýmsu félög öryrkja gætu sameinast um stofnun sameiginlegrar hjálpartækjastöðver.

Niðurstaða könnunar þessarar varð sú, að aðeins Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, hafði í raun áhuga á stofnun sem þessari.

Síða gerist þáþ 30. desember 1975, að EKÍ og Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, gera með sér samning um stofnun Hjálpartækjabankans.

Hjálpartækjabankinn tók til starfa 1 mars 1976, en var formlega opnaður af þáverandi heilbrigðisráðherra, Matthíasi Bjarnasyni, þann 15. október 1976, og er því um þessar mundir á 7. ári.

Starfslið Hjálpartækjabankans var fyrst um sinn aðeins einn launaður starfsmaður, en hann naut um skeið aðstoðar þriggja sjálfboðaliða frá kvennadeild Reykjavíkureilda RKÍ. Síðar hættu sjálfboðaliðar þessir störfum, en einn starfsmaður var ráðinn í hálft starf, var það Guðrún Nielsen, sem starfar enn hjá Hjálpartækjabankanum.

Þriðji starfsmaðurinn er Edda Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur sem vinnur hlutastarf í Hjálpartækjabankanum frá 1. ágúst 1980. Henna starf er að veita ákveðnum hópi viðskiptavina Hjálpartækjabankans þjónustu.

Í byrjun september s.l. bættist síðan fjórði starfsmaðurinn við, Guðrún Hafsteinsdóttir iðjuþjálfari. Guðrún er nú í 75% starfi. Guðrún veitir viðskiptavinum ráðleggingar um val á hjálpartækjum í Hjálpartækjabankanum. Hún fer einnig í heimahús til ráðlegginga bæði um val hjálpartækja og breytingar húsnæðis og fleira þess háttar. Starf hennar hefur mælst mjög vel fyrir.

Í stofnsamningi Hjálpartækjabankans er þess getið hvert eigi það vera starfssvið hans. Þar segir að Hjálpartækjabankinn skuli annast innfluting, öflun, sölu, dreifingu, leigu eða miðlun hverskonar hjálpartækja fyrir fatlað fólk.

Í upphafi einskorðaðist vöruvalið einkum við þarfir hreyfi-skerts fólks, sem eðlilegt er, þar sem félag þess, Sjálfsbjörg, er annar eignaraðilinn að Hjálpartækjabankanum.

Vörur þar sem Hjálpartækjabankinn hefur haft á boðstólum frá upphafi eru t.d. hjólastólar ýmsar tegundir og hlutir tilheyrandi þeim, ásamt varahlutum til þeirra. Göngugrindur ýmsar tegundir, göngustafir, hækjustafir, hækjur, og önnur stuðningstæki, ýmis hjálpartæki til aðstoðar við böðun og til að komast á salerni, svo sem salernishækkanir, salernis stoðir, handföng o.fl.

Í ágústmánuði árið 1980 hóf Hjálpartækjabankinn nýjan þátt í starfsemi sinni. Hafin var þjónusta við það fólk, sem gengist hefur undir stomaðgerðir. Til að reyna að veita þessa þjónustu sem besta var Edda Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, sem áður er getið, ráðin til starfa.

Edda er til viðtals í Hjálpartækjabankanum einu sinni í viku tvo tíma í senn, á mánudögum milli kl. 15 og 17. Auk þess er að sjálfsögðu ætíð fyrirbyggjandi á lager fjölbreytt úrval pokar og hverskonar hjálpartækja fyrir fólk með stomíu, og eru þessar vörur afgreiddar á þeim tíma sem Hjálpartækjabankinn er opinn. Þó mikið úrval hjálpartækja af þessu tagi sé ætíð fyrirbyggjandi, eru pantaðar aðrar tegundir, ef þess er óskað.

Tæki þau sem Hjálpartækjabankinn leigir út til skammtíma. notkunar, eru: Hækjustafir, hjólastólar, göngugrindur og æfingahjól, einnig eru þessi tæki að sjálfsögðu til sölu.

Einnig lánar Hjálpartækjabankinn út sjúkrarúm til heima-
liggjandi sjúklinga.

Það skal skýrt tekið fram, að þjónusta Hjálpartækjabankans er fyrir allt landið, ekki aðeins Reykjavík og nágrenni.

Allt frá upphafi hefur verið að því fundið, að Hjálpartækja-
bankinn væri ekki kynntur nægjanlega mikið og landsmenn
vissu hreint ekkert um þessa starfsemi.

Þessi gagnrýni er að mestu leiti rétt, en þó hefur verið
farið með sýningu á hjálpartækjum til Ísafjarðar og Akureyrar,
báðar ferðirnar farnar árið 1978. Ferðir sem þessar eru
mjög kostnaðarsamar. Nú á næstunni er væntanlegur kynningar-
bæklingur.

Á þessum vettvangi er vel við eigandi að koma á framfæri þeirri
hugmynd, sem rædd hefur verið hjá starfsfólkinu í Hjálpartækja-
bankanum, varðandi kynningu á stofnuninni úti um land.

Hugmyndin er þessi: Þar sem Hjálpartækjabankinn er í
eigu tveggja Landsfélaga, sem samanstanda af fjölda lands-
hlutafélaga, það er að segja RK deilda um allt land og Sjálfs-
bjargarfélaganna, sem starfandi eru í öllum landshlutum, þá mætti
hugsa sér að félagsdeildir sem hafa félagssvæði sem nærri
liggja hvert öðru, taki sig saman og haldi sameiginlegan fund
þar sem verkefnið verði að kynna Hjálpartækjabankann, og yrði
þá fenginn fulltrúi frá Hjálpartækjabankanum með nokkurt
magn af hjálpartækjum, kynnti þau og stofnunina sjálfs.
Kostnaðinum mætti hugsa sér að skipta á milli aðila.

Hjálpartækjabankinn er til húsa í Nóatúni 21, og er opinn
alla virka daga nema laugardaga, frá kl. 10 til 17.
Síminn er 21333.

Reykjavík í apríl 1983


Björgúlfur Andrésson
forstöðumaður.

**NÝTT
Á
ÍSLANDI**

- 6 -

AUPING



RÚMBOTNAR



AUPING rúmbotnar eru byggðir á sérstaklega ofnu stálneti, sem lagar sig að líkama þess sem á því hvíllir.

Auping rúmbotna er hægt að fá í ýmsum stærðum og gerðum, handknúna, hálf sjálvvirka, rafmagnsdrifna eða slétt, ennfremur er hægt að fá ýmsa aukahluti sem eru sérstaklega ætlaðir fyrir sjúklinga.

AUPING rúmbotna er hægt að fá í öll okkar rúm



INGVAR OG GYLFI SF

GRENSASVEGI 3

108 REYKJAVÍK

ÍSLAND

SÍMAR 81144 & 35530

H J Á L P A R T Æ K I

Eftirfarandi skrá yfir hjálpartæki hefur verið unnin úr upplýsingum frá iðjupjálfum starfandi á Reykjavíkursvæðinu. Þessi skrá er engan veginn tæmandi, en gefur þó vísbendingu um hvar helst er að leita hjálpartækja.

HÚSGÖGN

- Rúm Ingvar og Gylfi: Sérsmíðaðar rúmgrindur eftir máli.
Auping rúmbotnar, rafknúnir/handstilltir.
Pétur Snæland: Lattoflex rúm rafknúin/handstillt (tilheyrandi Lattoflex rúmdýna).
Lystadún: Dunlopillo fjaðrandi rúmbotnar.
- Dýnur og púðar: Lystadún: Latex/svampur eftir máli.
Hjálpartækjabankinn: T-foam púðar.
- Stólar: Vela: Allar gerðir Vela-stóla ásamt fylgihlutum (danskir).
Penninn: Drabert stólar (þýskir) og íslenskir stólar.
Stálhúsgagnagerð Steinars: ERO stólar (norskir) og íslenskir stólar.
Kristján Siggeirsson: Labofa stólar (danskir).
Hjálpartækjabankinn: Hasi barnastólar (þýskir), Hea Rehab barnastólar (sænskir).
Epal: Flemming Hvidt hvíldarstólar eftir máli (danskir).
- Borð: Vela: Ropox borð (dönsk).
Hjálpartækjabankinn: Hea Rehab barnaborð (sænsk).

STÓR HJÁLPARTÆKI

- Neyðar-kerfi: Vari (Þóroddsstöðum, Reykjanesbraut, s.29399):
Neyðarkerfi uppsett á heimili. Sérhæfð öryggisþjónusta, sem gerir aðstandendum viðvart ef aðstoðar er þörf.
- Hjóla-stólar: Hjálpartækjabankinn: Ýmis stór hjálpartæki m.a. hjóla-stóla.
- Lyftur: G.Hinriksson: Úti- og innilyftur.
A.Karlsson: Baðlyftur.
Héðinn: Húslyftur.

LÍTIL HJÁLPARTÆKI

- Ýmis smá hjálpartæki: Hjálpartækjabankinn
Austurbakki
- Sérsmíðuð hnífapör: Ásbjörn Ólafsson

BARNNA-HJÁLPARTÆKI

Hjálpartækjabankinn: Hasi, Haverich, Hea Rehab, Meyland Smith,
Ortopedia.

SÆKSMÍÐUD HJÁLPARTÆKI

- Bórir B Guðjónsson s.40233 -Smíðar alls konar sérútbúin hjálpartæki,
jafnt úr málmum sem tré.
-Aðlagar og setur upp hjálpartæki t.d. lyftur
- Guðmundur Ó Eggertsson s.35653 -Smíðar ýmis barnshjálpartæki t.d. stóla,
borð, standbretti og tunnur.
- Blikksmiðjan Grettir s.81877 -T.d. álsþangir eftir máli til notkunar við
spelkugerð og ýmis hjálpartæki.
- Stoðtækjasmíðin s.52885 -T.d. standbretti, sessur, hjálmar, höfuð-
pinnar, spelkur og spelkuefni.
- Össur h.f. s.20460 -Spelkur
- Iðjupjálfadeildir -Iðjupjálfar útbúa ýmis smærri hjálpartæki,
aðallega til notkunar við klæðnað,sjálf-
hirðingu og eldhússtörf.
-Spelkur.

UMBOD

Eftirtaldir aðilar hafa umboð hér á landi fyrir erlend hjálpar-
tækjafyrirtæki:

- Hjálpartækjabankinn -Ortopedia
Einnig annast Hjálpartækjabankinn pantanir
frá ýmsum erlendum fyrirtækjum, hvort sem
þau hafa umboðsmenn hér á landi eða ekki.
- A.Karlsson -Arjó
- Austurbakki -Ensk-dansk
- G.Hinriksson -Botved
- Ólöf Klemensdóttir -Preston
- Remedia -Alvema, Zimmer
- Snorri h.f. -Lic, Rehband
- Stefán Thorarensen -Jacob White (spelkuofnar)
- Skólavörubúðin -Ýmis gögn verðandi sérkennslu
- Vela -Vela, Ropox


GREIÐSLA Á HJÁLPARTÆKJUM


Tryggingastofnun
Ríkisins:

Veitir styrk til kaupa á hjálpartækjum, allt
að 100%.

Sótt er um hjálpartæki á sérstöðum eyðublöð-
um frá Tryggingastofnun Ríkisins. Við umsókn
á stærri hjálpartækjum þarf að fylgja mat
iðjupjálfa á hjálpartækjabörf einstaklingsins.

NAUÐSYNLEGT ER, AÐ AÐLAGA HJÁLPARTÆKI/
HEIMILISBREYTINGAR AÐ HVERJUM OG EINUM...





G. HINRIKSSON H.F.

Skúlagata 32 - Reykjavík - sími 24033

SAMNORRÆNT SEMINAR UM IÐJUPJÁLFUN Í FINNLANDI

Ísland tekur þátt í Samnorrænu Seminar um Iðjupjálfun, sem verður haldið í Helsinki Finnlandi 25.-27. maí 1983. Þátttakendur verða formenn iðjupjálfafélaganna, skólastjórar iðjupjálfaskólanna og ritstjórar tímarita á Norðurlöndunum fimm.

Til þess að tryggja áframhaldandi þátttöku Íslands á Seminarið hafa sænsk, norsk, dönsk og finnsk iðjupjálfafélög ákveðið sameiginlega, að veita þátttakendum frá Íslandi styrk í hvert skipti, sem Seminarið verður haldið.

Núna fáum við: Dkr 1200

Skr 1000

Nkr 800

og Finnland borgar hótelið, fundargjöld, mat og fleira.

Fundurinn, sem verður mjög svipaður þeim sem haldinn var hér í maí 1981, fjallar um menntun iðjupjálfa á Norðurlöndum.

Ég flyt fyrirlestur um stöðuna nú og framtíðaráætlun okkar í skólamálum.

Sagt verður frá helstu atriðum frá Finnlands-fundinum í næsta Blað-ið.

Hope Knútsson, formaður.



F É L A G S S T A R F S E M I

SKÓLANEFND

Nefndarmönnum hefur fjölgað í vetur, þannig að í henni sitja nú: Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir, Hope Knútsson, Rannveig Baldursdóttir, Kristjana Fengler og Sigríður Jónsdóttir.

Nefndin hefur hist, og rætt málin og deilt milli sín verkefnum, þannig að hver fulltrúi hefur tekið að sér að skrifa hinum ýmsu aðilum á Norðurlöndunum og í Norður-Ameríku, til að fá sendar náms-/ kennsluskrár mismunandi skóla. Allar líkur eru á, að námsbraut í iðjubjálfun verði við Háskóla Íslands, taki 4 ár og ljúki með B.S. gráðu. Þess vegna höfum við einnig haft samband við Námsráðgjafa Háskólans, fengið hjá henni námsskrá og punktafjölda sambærilegra stétta, sem þar nema.

Í framhaldi af þessu er svo áætlað að ræða við námsbrautarstjóra í sjúkubjálfun, sálarfræði, félagsráðgjöf og hjúkrunarfræði og leita hjá þeim upplýsinga um forvinnu, skipulagningu, kennarafjölda og hversu langan tíma það tók að koma námsbrautinni af stað, bara svo eitthvað sé nefnt.

Enn erum við að fá svör frá aðilum erlendis. Þegar þau hafa öll borist, og fulltrúar okkar hafa rætt við námsbrautarstjóra verður tímabært að fara að velta fyrir sér af alvöru hvort við ætlum okkur að koma á námi hér heima. Vega og meta kosti og galla - og taka síðan skýra afstöðu og vinna að settu marki af festu og alvöru.

Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir.

TRYGGINGANEFND

Í nefndinni eru: Kristjana Fengler, Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir og Elín Ebba Ásmundsdóttir.

Engar nýjar fréttir - Samninganefnd Tryggingastofnunarinnar voru sendar tillögur í byrjun febr.s.l. um greiðsluform, eins og beðið var um í nóv. '82. Ekkert hefur heyrst frá nefndinni síðan.

Þetta kemur okkur ekki á óvart, þar sem vinnubrögðin virðast vera mjög hæg.

Kristjana Fengler.

LAUNANEFND

Í nefndinni eru: Björk Pálsdóttir, Snæfríður Þ. Egilsson og Sigríður Jónsdóttir.

Í byrjun maí var sótt um aðild að BHM (Bandalag háskólamanna). Vonast er til, að við verðum orðið aðildarfélag fyrir næstu samninga, sem

verða í mars⁸⁴.

Í janúar s.l. varð leiðrétting á launum deildariðjupjálfa og yfiriðjupjálfa í samræmi við laun deildar- og yfirsjúkrapjálfa, þannig að nú eru deildariðjupjálfar í 19. og yfiriðjupjálfar í 20. launaflokki. Engin breyting hefur orðið á launum almenns iðjupjálfa og byrja þeir í 16.launaflokki.

Björk Pálsdóttir.


BÓKASAFN

Borist hefur listi yfir kvikmyndir þær, sem sýndar voru á WFOT Congress í Hamburg í fyrra. Listin liggur frammi á bókasafni Iðjupjálfafélags Íslands, sem nú er staðsett á Iðjupjálfunardeild Geðdeildar Landsspítalans.

NÆSTU FUNDIR

Næsti félagsfundur verður haldinn á Efingerstöðinni Háaleitisbraut þann 7.júní kl.20.00.

Grillparty verður haldið hjá Sigríði Jónsdóttur Langholtsvegi 192, föstudag 8.júlí kl.18.00. Allir eru kvattir til að mæta, ekki síst iðjupjálfanemar.



LYFTIBAÐSTÓLL

arjo



ARJO lyftibaðstóllinn má nota við öll venjuleg baðkör í heimahúsum sem og á stofnunum. Lyftibaðstóllinn er sérstakur að því leyti að fjarlægja má bakið þegar sjúklingurinn hefur lyft sér yfir í baðkarið, þannig að sjúklingurinn getur lagst alveg niður í karið. Þetta er ekki mögulegt að gera á nokkrum öðrum stól.

AK

UMBOÐS OG HEILDVERSLUN

A. Karlsson h. f.

P.O. BOX 167, GRÖFIN 1, 121 REYKJAVÍK, ICELAND

STARFSLÝSING IÐJUBJÁLFA VIÐ SÉRDEILD HREYFIHAMLAÐRA
Í HLÍÐASKÓLA

Haustið 1981 tók undirrituð til starfa við sérdeild hreyfihamlaðra í Hlíðaskóla. Eftirfarandi er, í stórum dráttum, það sem felst í starfi iðjubjálfa við deildina.

1. Mat og þjálfun í ADL (athafnir daglegs lífs).

Markmiðið er að gera börnin eins óháð hjálp annarra og

hægt er við: -klæðnað
-snyrtingu
-borðhald
-leik
-að ferðast innan húss sem utan

2. Mat og þjálfun á þáttum sem: -hreyfigetu
-samhæfingu hreyfinga
-krafti
-þoli
-jafnvægi
-skynjun
-minni
-einbeitingu

3. Útvega/útbúa og þjálfna nemendurnar í notkun hjálpartækja er miði að því, að gera þá sjálfstæðari.


Auk þess útvega hjálpartæki sem geta mætt þörfum barnanna innan veggja skólans og auðveldað foreldrum umönnun þeirra á heimilinu.

4. Leiðsögn við breytingar á húsnæði.

Gera heimilisathuganir og koma með tillögur um breytingar á húsnæði er auðveldi börnunum að athafna sig.

Iðjubjálfinn hefur samvinnu við sérkennara, kennara, sjúkra-
þjálfara og aðra þá er annast börnin.

Snæfríður Þ. Egilsson



STARFSTÍÐING I JÚBJÁLFA VIÐ ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

Í janúar s.l. hóf ég störf hjá Öryrkjabandalagi Íslands á vinnustofum þess að Hátúni. Vinnutími minn var átta tímar á viku fyrstu vikurnar, en er nú hálft starf (50%).

Á vinnustofum ÖBÍ starfa að jafnaði 28 manns. Fötlun þeirra er mjög mismunandi, t.d. lömun vegna slysa, veikinda eða meðfædd, Parkinsonism, hjarta og lungnasjúkdómar og geðrænir sjúkdómar, svo nokkuð sé nefnt. Flestir hafa starfað um nokkurn tíma hjá ÖBÍ, þannig að ekki er um að ræða þjálfun til að fara út á hinn almenna vinnumarkað. Vonast er til að þetta breytist við tilkomu nýrrí og stærri vinnusala, einnig hefur verkefnaskortur á verkstaðum valdið nokkru um.

Starfseminni á vinnustofum ÖBÍ má skipta í fernt:

Eigin framleiðsla s.s. gerð gjaldmála í bíla, umferðateljara.

Samsetning fyrir önnur fyrirtæki s.s. rafeindavogir fyrir frystiðnaðinn, neyðarsendar o.fl.

Viðgerð og hreinsun á símtækjum fyrir Póst og síma.

Saumastofa er rekin í tengslum við ÖBÍ og mun flytjast í vinnusali ÖBÍ að Hátúni í þessum mánuði.

Við fyrstu yfirsýn og athugun á aðstaðum var margt sem hægt var að breyta og bæta, en þar sem flucningur í nýtt húsnæði var á næsta leyti, var það ráð tekið að breyta því sem hægt var án tilkostnaðar s.s. að stilla stólbök og hæð stóla, fræða um starfsemi líkamans og réttar vinnustellingar og ræða um gott starfs-umhverfi. Teknar voru ca. 10 mín. eftir kaffitíma nokkrum sinnum í viku til að fara lauslega yfir byggingu líkamans, beinagrind, vöðva og vöðvapumpu, rétta öndun og í því samhengi kenndar nokkrar góðar æfingar. Einnig var farið yfir umhverfið og talað um ljós og lýsingu, ryk, raka og hitastig, hávaða, hvíld og þreytu m.m.. Reynt var að gera fólkið meðvitað um það umhverfi sem dvalið er í meiri hluta dagsins. Þetta féll í góðan jarðveg og spunnust oft mjög skemmtilegar umræður á eftir fyrirlestrunum.

Frá þrem fyrirtækjum voru fengnir að láni ýmsar gerðir af stólum. Þeir voru síðan prófaðir í nokkurn tíma og síðan voru umræður um þá.

Nokkrir starfsmenn eru í hjólastólum eða nota önnur hjálpartæki. Við athugun kom í ljós að sum þurftu viðgerðar við og önnur þurftu endurnýjun og jafnvel var þörf á leiðbeiningum, því oft vilja fyrstu leiðbeiningar gleymast.

Verið er að ljúka við nýjar vinnustofur í tengibyggingu ÖBÍ að Hátúni og hefur það verið áhugavekjandi að vera með í skipulagningu þó að á lokastiginu sé.

Mikill tími hefur farið í að safna upplýsingum og gera skýrslur um starfsmenn. Beðið hefur verið um starfslýsingu frá iðjubjálfum á vernduðum vinnustöðum á Norðurlöndunum til samræingar.

Þegar ég hóf störf hjá ÖBÍ hafði ekki verið iðjubjálfi þar áður, svo í byrjun var starfið mikið til fólgið í að gera starfsáætlun og kynna fyrir forráðamönnum og starfsfólki þá þjónustu sem iðjubjálfi getur veitt á slíkum vinnustað. En allt er þetta á byrjunarstigi og í mótun.

Sinika Þóguðkarne.



G. HINRIKSSON FH

Skúlagata 32 - Reykjavík - sími 24033

**Er ekki kominn
tími til að skipta?
Þú veist að það er
ekki ráð nema í
tíma sé tekið.**



Sá sem ekki situr rétt nær ekki fullum atköstum í vinnunni. Í Drabert siturðu rétt. Tökum sem dæmi DHL stólinn. Hann er sérhannaður fyrir þá sem þurfa að sitja lengi og halda fullri einbeitingu, til dæmis við tölvuvinnslu, vélritun og stjórnun. Hann er sérhannaður fyrir vöðvauppbyggingu líkamans og hreyfipörf hans, þannig að þú getur ekki annað en setið rétt í honum. Þú hvílist og slakar á í vinnunni í Drabertstólnum.

**Í Drabert
siturðu rétt.**



Hafðu samband við okkur strax í dag í síma 83211, eða littu við og prófaðu sjálfur.

Penninn
SKRIFSTOFU HÚSGÖGN
HALLARMÚLA 2 - SÍMI 83211



LAUSAR STÖÐUR

BORGARSPÍTALINN

- 1 - Grensásdeild
- 2 - B-álma Bsp (öldrunardeildir)
- 2 - Geðdeild Bsp
- 1 - Arnarholt
- 1 - Dagdeild Bsp (Geð), Eiríksgötu
- $\frac{1}{2}$ - Heilsuverndarstöð (hjúkrunardeild E-63 útibú frá Grensás)

LANDSSPÍTALINN

- 2 $\frac{1}{2}$ - Geðdeild

KLEPPSPÍTALINN

- 5 - þar af 1 staða á dagdeild, sem tók til starfa haust 1982

KÓPAVOGSHÆLI - 1

- 1 - FÉLAGSMÁLASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR (Áfangastaður Norðurbrún 34)
- 1 - 70% DROPLAUGARSTAÐIR, nýtt elli-og hjúkrunarheimili v/Snorrabraut
- 1 - 70% SUNNUHLÍÐ, nýtt elli-og hjúkrunarheimili í Kópavogi
- 2 - GIGTARSTÖÐIN, Ármúla 5
- 1 - FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ, Akureyri
- 1 - MÚLABÆ, Þjónustumiðstöð aldraðra og öryrkja, Ármúla 34

Auk þess hafa eftirtalдар stofnanir sýnt áhuga á, að fá iðjupjálfa til starfa:

Öskjuhlíðarskóli

Múlalundur (verndaður vinnustaður)

Vífilstaðaspítali



FÉLAGSMÁLASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR

VONARSTRÆTI 4 — SÍMI 25500

Iðjupjálfa vantar að áfangastaðnum Norðurbrún 34.

Um er að ræða 20% starf sem að hluta er kvöldvinna.

Áfangastaðurinn Norðurbrún 34 er þjálfunarstaður, ætlaður fólki sem er að koma af geðsjúkrahúsum eða hefur einangrast úti í bæ. Markmið staðarins er að veita íbúum þjálfun í að takast á við hin ýmsu verkefni sem mæta fólki í hinu daglega lífi, s.s. vinnu, innkaup, matargerð o.s.frv.


Verkefni iðjupjálfa eru að veita ADL-þjálfun, með sérstaka áherslu á félagslega þjálfun.

Upplýsingar um starfið gefa:

Elín Snædal, félagsráðgjafi, sími 81200,

Dóra Júlíussen, félagsráðgjafi, sími 38160,

Anni G. Haugen, félagsráðgjafi, sími 25500.



Öskjuhlíðarskóli tók til starfa haustið 1975 og tók við starfsemi tveggja skóla, sem lagðir voru niður frá sama tíma, þ.e. Höfðaskóla, sem var fyrsti hæfingarskóli landsins og starfaði frá árinu 1961 á vegum Reykjavíkurborgar - og skóla fjölfatlaðra, sem starfaði á ýmsum stöðum frá árinu 1972.

Öskjuhlíðarskóli er ríkisskóli og þjónar landinu öllu. Nemendur skólans, sem eru 130-140 talsins, koma frá öllum fræðslu-umdæmum landsins en langflestir eru frá Reykjavík og nágrenna-byggðum. Nemendur utan af landi dveljast á fjölskylduheimili skólans að Reynilundi 4, Garðabæ - eða á einkaheimilum.

Skólinn starfar skv. lögum um grunnskóla nr. 63/1974 og reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977. Í skólastarfinu er leitast við að vinna skv. markmiðsgrein grunnskólalaganna og stuðst er við námsskrá grunnskóla en sérstaða nemenda veldur óhjákvæmilega frávikum af ýmsu tagi.

Byggingu skólahússins er ekki lokið og hafa nemendur og starfslíð búið við mjög ófullnægjandi starfsaðstöðu þau átta ár sem liðin eru síðan flutt var inn í 1. áfanga fyrirhugaðs skólahúss. Standa vonir til að hafist verði handa um áframhaldandi framkvæmdir við bygginguna nú í vor, en skv. teikningum er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir sjúkra og iðjuþjálfum og þjálfunarsundlaug.

Árlegur starfstími skólans, fjöldi kennslustunda og lengd þeirra er hin sama og í öðrum grunnskólum og á stundaskrá nemenda eru, þó með undantekningum, sömu námsgreinar. Námsþóparnir eru litlir 3 - 10 nemendur og notuð eru sérhæfð námsgögn af ýmsu tagi. Skólastarfið er frábrugðið að því leyti að auk kennara (m.a. 25 sérkennara) starfa við skólann ýmsar aðrar starfsstéttir til aðstoðar við kennsluna eða við sérfræðilega ráðgjöf og aðra þjónustu. Nú starfa við skólann sálfræðingur í 1/2 stöðu, félagsráðgjafi í 1/2 stöðu, hjúkrunarfræðingur í 1/2 stöðu, læknir í 1/4 stöðu.

Fyrir hendi er 1 staða sjúkraþjálfara en því miður er ekki starfandi sjúkraþjálfari við skólann í ár og hafa nemendur sem þurfa á sjúkraþjálfun að halda fengið þjónustu á Æfingarstöðinni við Háaleitisbraut í vetur.

Óskað hefur verið eftir heimild til að ráða iðjuþjálfara við skólann, en heimild ekki fengist enn sem komið er.

Það er samdóma álit allra sem vinna við skólann að mjög æskilegt sé að við skólann starfi bæði sjúkraþjálfari og iðjuþjálfari og í sem nánastri samvinnu við kennaranna og aðra sérfræðinga.

Aðstaðan er hinsvegar eins og áður hefur verið getið ófullnægjandi nú og verður þangað til skólabyggingunni er lokið. Aðstöðuleysið bitnar á öllum jafnt og höfum við verið að vona að einhverjir gætu e.t.v. hugsað sér að vinna við núverandi skilyrði tímabundið í þeirri von að innah skamms muni úr rætast. Það væri t.d. æskilegt að við skólann væri starfandi iðjuþjálfari þegar endanlegar ákvarðanir eru teknar um aðstöðu og búnað f. iðjuþjálfara í 2 áfanga hússins. Reynsla í starfi myndi vafalaust koma þar til góða.

Öllum sem vildu kynna sér hugmyndir okkar um störf iðjuþjálfara við Öskjuhlíðarskóla er velkomið að hafa samband við undirritaða, sem mun fúslega gefa nánari upplýsingar.


Jóhanna Kristjánsdóttir,
skólastjóri.

Iðjupjálfun á geðdeild Borgarspítalans

Geðdeild Borgarspítalans hefur átt við nokkur vandkvæði að stríða á undanförunum árum vegna skorts á iðjupjálfum og ónógrar aðstöðu til iðjupjálfunar. Einkum hefur þetta komið niður á legudeildinni, A-2, þar sem mannvirki til iðjupjálfunar hafa verið mjög ófullnægjandi. Ein afleiðing þessa hefur orðið sú að smærri rekstrareiningar iðjupjálfunar hafa þróast við útibú geðdeildarinnar svo sem í Arnarholti á Kjalarnesi og nú nýverið við dagvistun geðdeildarinnar á Hvítabandinu. Auk iðjupjálfunar í Arnarholti er þar nokkur aðstaða til vinnulækninga og staðurinn býður því upp á nokkra möguleika við endurhæfingu geðsjúkra.

Öflug iðjupjálfun fyrir geðsjúka og einstaklinga með félagsleg vandamál er að sjálfsögðu einn af grundvallarþáttum í rekstri nútíma geðdeilda. Slík starfsemi tekur ekki aðeins til mats og þjálfunar í sambandi við athafnir daglegs lífs, svo sem umgengni og heimilishald heldur einnig til félagslegra samskipta og mismunandi tjáningaforma. Síðast en ekki síst er geðdeildum nauðsynlegt að hafa aðstöðu til þess að meta starfshæfni sjúklinga sinna og íframbaldi af því aðgang að þjálfunarverkstæðum og hæfilegum vinnustöðum.

Núverandi iðjupjálfun við geðdeild Borgarspítalans miðar annars vegar að því að samhæfa þá þjónustu, sem hægt er að veita með núverandi mannafla og mannvirkjum, og hins vegar að því að leggja drög að frekari þróun iðjupjálfunar við deildina. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að koma á starfrænum tengslum milli nefndra rekstrareininga þannig að iðjupjálfun deildarinnar myndi eina hagnýta heild. Þrátt fyrir ónóga aðstöðu til iðjupjálfunar, býr geðdeild Borgarspítalans yfir nokkrum möguleikum á þessu sviði, t.d. að því er varðar endurhæfingu geðsjúkra

í Arnarholti. Það er augljóst að geðheilbrigðis-
þjónustan hefur mikla og vaxandi þörf fyrir iðju-
þjálfra, sem hafa sérhæft sig í iðjuþjálfun geðsjúkra
og er vonandi að slíkir starfskraftar komi til starfa
í ríkari mæli á næstunni.

Hannes Pétursson

Múlabær

**ÞJÓNUSTUMÍÐSTÖÐ
aldraðra og öryrkja**

Ármúla 34 - Reykjavík Sími 32550

Múlabær - þjónustumiðstöð aldraðra og öryrkja tók til starfa hinn 6. janúar s.l.
Aðilar þeir sem að stofnuninni standa eru 3 félagasamtök á Reykjavíkursvæðinu,
þ.e. Reykjavíkurdæild R.K.f, S.f.B.S. og Samtök aldraðra.

Með stofnun þessarar þjónustumiðstöðvar er m.a. unnið að eftirtöldum markmiðum:

- AÐ rjúfa félagslega einangrun aldraðra í heimahúsum og efla þá til þátttöku í daglegri umsýslan
- AÐ stuðla að því að aldraðir og öryrkjar geti sem lengst búið í heimahúsum í stað langdvalarstofnana
- AÐ létta á dagspítala Landspítalans
- AÐ hindra ótímabærar innlagnir á sjúkrastofnanir
- AÐ greiða fyrir útskrift sjúklinga af öðrum sjúkrastofnunum.

Starfsemi Múlabæjar er í stuttu máli þjónusta við aldrað fólk og öryrkja frá kl. 8,00 - 17,00 fimm daga vikunnar, enn sem komið er. Fólk er gefinn kostur á að notfæra sér þessa þjónustu Múlabæjar mismarga daga vikunnar eftir mati þeirra sem með inntökubeiðnir fara og áskum og þörfum hvers og eins.

Eins og áður greinir frá er starfsemi Múlabæjar einkum ætluð þeim hópi aldraðra og öryrkja sem býr á þjálfstöðu búi í heimahúsum eða er í tengslum við vandafólk en á þó í erfiðleikum með að annast sig sjálft að fullu. Þetta getur m.a. orsakast að skammvinnnum eða langvinnnum sjúkdómum eða fötlun. Þjónustumiðstöðin

stuðlar á þann hátt að því að eldra fólk og öryrkjar geti sem lengst með nauðsynlegum og markvissum stuðningi lifað heilbrigðu og farsælu lífi í sínu rötgróna umhverfi.

Gert er ráð fyrir að öll starfsemi Múlabæjar verði í náninni samvinnu við Öldrunarlækningadeild Landspítalans. Nefna skal í þessu sambandi að skjólstæðingar innritast ekki að Múlabæ fyrr en að undangenginni skoðun og mati lækna deildarinnar. Er þetta gert með það fyrir augum að unnt sé að glöggva sig á því hvort þjónusta sú sem stofnunin hefur upp á að bjóða henti umsækjanda. Jafnframt er ætlunin að sjúklingar sem notið hafa hjúkrunar og meðferðar á dagspítala eða legudeild Öldrunarlækningadeildar geti tengst þjónustumiðstöðinni með einhverjum hætti að lokinni dvöl þar.

Múlabær - þjónustumiðstöð aldraðra og öryrkja er ekki skilgreind sem hjúkrunarstofnun. Þó mun hjúkrunarfræðingur starfa á stofnuninni og lækni veitir viðtal reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni í viku.

Þjónusta á öðrum sviðum verður einnig fjölbætt. Að morgni hefst dagurinn með morgunverði og er öllum skjólstæðingum veitt full matarþjónusta þ.e. morgunverður, hádegisverður og síðdegiskaffi.

Sjúkráþjálfun verður í sérbúnum vistarverum, þar sem gert er ráð fyrir bæði hópmeðferð og einstaklingsmeðferð undir stjórn sjúkráþjálfara.

Hvatt er til þátttöku í sjúkraleikfimi eða léttum æfingum undir handleiðslu leiðbeinanda.

Ljósböðun, einkum með gigtarmeðferð í huga er einnig á boðstólum.

Sjúkrabaðlaug er einnig í Múlabæ og er stuðlað að því að sem flestir þjónustuþegar fái baðun, ekki síst til þess að fyrirbyggja slys við þessar aðstæður í heimahúsum.

Snyrtistofa er starfandi alla daga vikunnar þar sem boðið er upp á hársnyrtingu, og klippingar og húð- og handsnyrtingu.

Aðstaða til fótaaðgerða er einnig á stofnuninni og er þjónusta á því sviði veitt þrisvar í viku.

Veigamikill þáttur í starfsemi Múlabæjar skal verða iðjupjálfun, annaðhvort ráðgefandi iðjupjálfun frá aðila í tengslum við stofnunina eða iðjupjálfun á vegum starfsmanns sem fastráðinn er við Múlabæ og er það tvímælalaust vænlegasti kosturinn. Ef stofnunin á að vera í stakk búin að vinna samkvæmt framangreindum markmiðum sínum, þá má ljóst vera að staða iðjupjálfa er brýn nauðsyn.

Nú þegar hafa verið ráðnir bæði handavinnukennari og myndlistarkennari og leiðbeina þeir með fundur og handavinnu af ýmsu tagi, m.a. bókband, leirgerð, tágavinnu, taubrykk, vefnað, glermálun o.fl..

Félagsráðgjafi mun með reglulegu millibili veita þjónustu í Múlabæ.

Prestur hefur einnig aðstöðu til starfa í stofnuninni.

Dagblöð og tímarit liggja frammi fyrir gesti heimilisins ásamt bókum sem eru til útlána.

Lítill verslun er starfrækt í húsinu, þar sem gestir geta keypt nauðsynjar til heimilishalds.

Allir skjólstæðingar Múlabæjar eiga að kost á akstri að heiman og heim gegn vægu gjaldi.


Gert er ráð fyrir því að félagasamtök þau sem að Múlabæ standa muni að einhverju leyti tengja verkefni sín á sviði öldrunarmála starfsemi Múlabæjar. Má í því sambandi nefna heimsóknarþjónustu og heimsendingu matar sem verið hefur á vegum Reykjavíkurdeldar R.K.f. undanfarin ár.

Þar sem stofnunin er enn á ungviðisskeiði þá má geta nærri að starfsemin er ekki fullmótuð að nokkru marki. Það fólk sem ræðst því til starfa á næsta misseri tekur virkan þátt í að móta það starf sem unnið er í Múlabæ, mótunarstarf sem er afar mikilvægt þar sem hér eru farnar nýjar slóðir í öldrunarþjónustu á mörgum sviðum. Mikilvægast í því sambandi er að unnið er samkvæmt þeim markmiðum að opna öldrunarþjónustuna, þ.e. í stað þess að kippa eldra fólki burt úr sínu gróna umhverfi, þá er lagt ofurkapp á að það eigi kost á því sem lengst að lifa eðlilegu og heilbrigðu lífi eins og hver annar almeninur borgari.

Það hefur verið haft við að störf innan öldrunarþjónustunnar séu ekki vinsæl eða eftirsóknarverð. Óhætt er að segja að þetta hefur reynst bláaköld staðreynd. Ástæðurnar eru margar, m.a. eflaust þær að eldra fólk hefur ekki þótt eiga svo ýkja mikla möguleika á varanlegum bata eða eiga svo glæsta framtíð. Þetta eru fordómar sem við eigum okkar ríka þátt í að hafa skapað og getum einnig breytt með ötuðu s tarfi á þessum vettvangi.

p.s. það er laus staða í Múlabæ fyrir iðjúpjálfa - þú manst.

Guðjón Brjánsson



LATEX DÝNUR.

PÚÐAR OG PULLUR EFTIR MÁLI.

LYSTADÚN

DUGGUVOGI 8 - 10

SÍMI 84655

 **Dunlopillo**

ORDSENDING TIL FÉLAGSMANNA ERLENDIS

Það er erfitt fyrir okkur að fylgjast með félögum okkar erlendis, en þeir eru nú meirihluti félagsmanna. Þess vegna biðjum við ykkur að:

1. Tilkynna félaginu breytt heimilisfang, eða leiðrétt það, ef rangt er með farið í blaðinu.
2. Tilkynna okkur hvenær þið hyggist ljúka námi.
3. Senda okkur nöfn og heimilisföng nýrra nema, sem við höfum ekki frétt af.

ÍÐJUDJÁLFAR Á ÍSLANDI 1.Máf 1983

<u>GRENSÁSDEILD BORGARSPÍTALANS</u>		S.85177/38
Ingibjörg S Ásgeirsdóttir	Skólabraut 53 17o Seltjarnarnesi	s.13387
Björk Pálsdóttir	Krummahólar 2, 6E 1o9 Reykjavík	s.7517o
Valrós Sigurbjörnsdóttir	Tómasarhagi 34 1o7 Reykjavík	s.13738
Rósa Hauksdóttir	Eikjuvogi 29 1o4 Reykjavík	s.36596
Ingibjörg Jónsdóttir		s.
<u>KLEPPSSPÍTALINN</u>		S.3816o/48
Jóna Kristófersdóttir	Kleppsvegi 12o 1o4 Reykjavík	s.34227
<u>LANDSSPÍTALINN</u>		S.29ooo
<u>Endurhæfingardeild</u>		
Anne W.N.Chambers	Eiríksögötu 29	
Ailsa Aird	1o1 Reykjavík	
<u>Geðdeild</u>		
Elín Ebba Ásmundsdóttir	Samtún 36 1o5 Reykjavík	s.28548
Kristjana Fenger	Barmahlíð 5o 1o5 Reykjavík	s.29715
Sylviane Lecoultre Pétursson	Marargata 4 1o1 Reykjavík	s.28594
<u>Öldrunardeild Hátúni 1oB</u>		
Ngairé Williams	Hjúkrunarskóli ísl.	s.16o77
<u>HJÁLPARTÆKJABANKINN</u>		S.21333
Guðrún Hafsteinsdóttir	Engjasel 33 1o9 Reykjavík	s.79o14

VINNUHEIMILIÐ AÐ REYKJALUNDI S.66200/192

Ingibjörg Pétursdóttir	Efribraut 5 270 Varmá	s.66200/161
Katla Kristvinsdóttir	Hvassaleiti 22 108 Reykjavík	s.85113
Margrét Sigurðardóttir	Njörvasundi 24 104 Reykjavík	s.39288
Rannveig Baldursdóttir	Markholt 3 270 Varmá	s.66159
Anna Sveinbjörnsdóttir	Bröttuhlíð 5 810 Hveragerði í Rvk:Reynimel 60	s.99/4255 s.20049

HLÍÐASKÓLI S.25080

Snæfríður Þ Egilsson	Laugateig 30 105 Reykjavík	s.32735
----------------------	-------------------------------	---------

ÆFINGASTÖÐ STYRKARFÉLAGS LAMAÐRA OG FATLAÐRA S.84999

Anne Christensen	Flókagötu 39 105 Reykjavík	s.10317
Anne Rasmussen	Laugateig 52 105 Reykjavík	

ÖRYRKJABANDALAGIÐ S.26405

Eiríka Sigurhannesdóttir	Torfufelli 44 109 Reykjavík	s.73633
--------------------------	--------------------------------	---------

SJÚKRAHÚS AKRANESS S.93/2311

Sigrún Ásmundsdóttir	Suðurgötu 78 300 Akranes	s.93/2723
----------------------	-----------------------------	-----------

EKKI FASTRÁÐNIR IÐJUPJÁLFAR

Hope Knútsson	Æsufelli 4, 2F 109 Reykjavík	s.73734
Sigríður Jónsdóttir	Langholtsvegi 192 104 Reykjavík	s.35229
Sigríður Loftsdóttir	Austurveg 9 630 Hrísey	s.96/61729
Kristín Tómasdóttir	Hrafnagilsstræti 22 600 Akureyri	s.

ÍSLENSKIR IÐJUPJÁLFAR ERLENDIS

Sigríður Hermannsdóttir	Vonsildevej 3 2770 Kastrup, Danmörk	
Viðar Óskarsson	Vigerslevvej 64 2500 Valby, Danmörk	
Sigríður Þorvaldsdóttir	Flemmings Allé 12 5250 Odense SV, Danmörk	
Anne Grethe Hansen	Asylvej 42 8240 Risskov, Danmörk	


Kolbrún Ragnarsdóttir	Ryesgade 31B st.t.v. 2200 København N, Danmörk
Jóhanna Erla Eiríksdóttir	Álborggade 27, 3.t.v. 2100 København Ö, Danmörk
Sigurður Sigurðsson	Mögeltöndergade 8 Vesterbro, Kbh. Danmörk
Guðrún Ársælsdóttir	? 7500 Holstebro, Danmörk
Jóhanna Ingólfssdóttir	Rum 716, Postbox 608 751-25 Uppsala 1, Svíþjóð
Finnur Bárðarson	Centrala Arbetsterapin, Länssjukhuset 301-85 Halmstad, Svíþjóð
Guðrún Emilsdóttir	Studiegången 17-008 416-81 Göteborg, Svíþjóð
Guðrún Pálmadóttir	500 W Prospect Apt. 9F North Aggie Village, Fort Collins CO 80526, USA
Guðrún Árnadóttir	4-390, Sherbrook st. Winnipeg, Manitoba, R3B 2W5, Canada

ÍÐJUDJÁLFANEMAR


Lýkur námi:

Apríl '84	Hildur Þráinsdóttir	Skolen for ergoterapeuter 7500 Holstebro, Danmark
Jan '86	Lillý Sverrisdóttir	" " "
Apríl '85	Bára Sigurðardóttir	Rendsborggade 3, vær.73 7500 Holstebro, Danmark
Júní '84	Sigrún Garðarsdóttir	Elmelundsvej 4-3509 5200 Odense V, Danmark
Apríl '85	Dóra Gestsdóttir	Dalslandsgade 8, M-311 2300 København, Danmark
?	Anna Sigríður Jónsd.	Nørre Alle 19B 4/94 2200 København, Danmark
'85	Ólöf Elfa Leifsd.	8-A 200 Kringsjå Studentby Oslo 8, Norge
Júní '83	Hallfríður Bjarnad.	Fredrekstangsvej 27B 4300 Sandnes, Norge
Jan '85	Bjargey Ingólfssdóttir	Elvegaten 15B 7000 Trondheim, Norge
Jan '84	Elísabet Vernharðsd.	Wallenbergsgatan 4C 1V 412-59 Göteborg, Sverige
Júní '84	Unnur Alfreðsdóttir	Sandspåret 29 424-31 Angered, Sverige
'85	Hrafnhildur Arnkelsd.	Studiegången 3 416-81 Göteborg, Sverige
Des '83	Hrefna Óskarsdóttir	Hohlweg 24 43 Essen 1, W-Germany

?	Helga Óskarsdóttir	6 West-Viewgarden, East Greenstead Sussex, England
?	Elsa Ingimarsdóttir	Trailridge 2500 W 6th 106 Lawrence, Kansas 66044, USA
?	Lilja Ingvarsson	221-2 Princeton Avenue Eggertsville NY 14226, USA
'86	Guðrún Guðfinnsd.	Bn. 1618 Roads Hall, 710 West Franklin Richmond Virginia 23284, USA
'85	Guðrún Stefánsdóttir	Rode Kruislaan 957 1111 ZW Diemen, Holland



NYTT Á ÍSLANDI:
lattoflex RÚM




Hvernig þú gætir heilsu þinnar meðan þú sefur.

Líðan og heilsa hvíla á rúminu. Lattoflex er lausn.

Bakið þarf góða hvíld í rétttri stöðu. Annars fær brjóskið milli hryggjaliðanna ekki nauðsynlega endurnæringu. Stirðleiki og bakverkur er þá yfirvofandi.



Í svefni á bakið helst að hvíla í sömu stöðu og þegar menn standa uppréttir. Og vera beint þegar legið er á hlið. Lattoflex rúmbotninn er sérhannaður í því skyni að tryggja rétta hvíldarstöðu í mismunandi stellingum. Hann er gerður úr trérimum með gúmmífjöðrun og lagar sig að sveigju líkamans.



Lattoflex dýnan er uppbyggð í einingum og fylgir sveigjunni í rúmbotninum. Innri og ytri gerð hennar veiddur því að loftið leikur þægilega um þann sem á dýnunni hvílir.

Hægt er að fá rúmgerðir með stillanlegri höfuðhæð. Auk þess má lyfta þeim hluta sem er til fóta.

Lattoflex gefur eftir svo að axlarými verður meira og æskileg slökun næst á taugum og axlavöðvum.

Lattoflex er árangur af tilraunastarfi svissneskra lækna og vísindamanna. Rúmin sem við seljum eru frá þekktu finnsku fyrirtæki, samkv. einkaleyfi.



Lattoflex Gelemat er gerð sem er sérstaklega ætluð sjúklingum. Hægt er að stilla það rúmleggjandi. Þessi gerð léttir langlegusjúklingum lifið. Einnig þeim sem eru veikir fyrir hjarta eða í brjósti.

Hringið, — eða lítið við í versluninni. — Fáðið bæking.

lattoflex
Einkaumbúð á Íslandi

Pétur
Snæland hf

Síðumúla 34. Sími 84161

HJÁLPARTÆKJABANKINN

NÓATÚNI 21, SÍMI 21333, TELEX NR. 2180, REYKJAVÍK



Önnumst útvegum
hverskonar hjálpar-
og endurhæfingartækja
Einnig útlán
hjálpartækja

HJÁLPARTÆKJABANKINN

NÓATÚNI 21, SÍMI 21333, TELEX NR. 2180, REYKJAVÍK

